

# LISTAPÓSTURINN



Jón Óskar sýnir í austursal Kjarvalsstaða

## Fasískar myndir

Hann heitir Jón Óskar og er nýkominn frá Nýju Jórík hvaðan hann var að ljúka þriggja ára myndlistarnámi frá School of Visual Arts. Í farteskinu voru fjórutíu myndverk sem hann hefur nú hengt upp í austursal Kjarvalsstaða.

Sýningin hefst um nónbil á laugardag, þetta eru málverk og ljósmyndir, og svona allt í bland sem hefur verið að hrærast í mér síðustu fjögur misseri...  
— Allt í bland segirðu?

„Já, sumt af þessu er eingöngu ljósmyndir, annað bara málverk og loks er þarna slatti sem má kalla ljósmál...“

— Ljósmál?

„Já, þú skilur, ljósmyndir sem ég flenni upp og mála svo yfir.“

— Einmitt, en hver er fílingurinn í þessu hjá þér?

„Þetta eru mikið til menn, ummyndaðir menn og afskræmdir. Ég gef mér ákveðnar forsendur í þeim sem ég ætla síðan áhorfendum að vinna út frá.“

— Dregurðu upp dökka mynd af manningum?

„Ekki dökka, miklu frekar sanna held ég, eins sanna og mér finnst hún vera. Umhverfi þessara manna í myndunum er mikið til fánar og allskonar forn sýmból úr sögunni sem við nútímafólkið vitnum gjarnan til í vegsáukaskyni. Þrátt fyrir að við séum gjörólík forfedrum okkar í háttum og lífnaði, þá lifum við engu að síður mjög verulega á fornri frægð þeirra. Nútíminn og fortíðin togast

mjög á í okkur, framtíðin hinsvegar ekki til umræðu. Það er þessi þjóðernishygga sem er mitt viðfangsefni.“

— Þetta er þín fyrsta einkasýning, er gott að byrja ferilinn á Kjarvalsstöðum?

„Ég er í austursalnum og mér finnst myndirnar mínar passa vel þar. Salurinn er jafn yfirþyrmandi og verkin mín.“

School of Visual Arts var nefndur til sögunnar ádan. Þess má geta að Jón Óskar var einn af tólf nem-

endum skólans á síðasta ári sem fengu sérstaka heidursútskrift fyrir frammistöðu sína í skólanum en skóli þessi telur hátt í fjögurþúsund nemendur á ári. Jafnframt þeim heidri hlotnuðust Jóni fyrstu verðlaun úr ákveðnum sjóði sem er starfræktur samhliða skólahaldinu, þannig að það er um að gera að drífa sig á Kjarvalsstaði um helgina og spyrja sig hversvegna...  
— SER

Toots Thielemans í viðtali:

## Hringi í konu mína oft á dag!

eftir Vernharð Linnet mynd Jim Smart

Jean Baptiste Thielemans, kalladur Toots, er ljúfur maður — ljúfur einsog tónlist hans. Hann er 62ja ára gamall og hættur að flengjast um heiminn einsog áður.

— Ég er sáemilega efnadur og þarf ekki að taka hvaða tilbodi sem er. Ég vil vera sem mest hjá konunni. Hún er ung og yndisleg. Við höfum verið gift í þrjú ár. Ég var ekkjumaður þegar við kynntumst.

Toots býr til skiptis í fæðingborg sinni, Brüssel þar sem hann á íbúð, og í einbýlishúsi sínu á Long Island — það heitir *Blusette* einsog lagið sem hefur fært honum hvað mestar tekjur. Fyrir tveimur árum fékk hann heilablóðfall og lamaðist vinstra megin, en hefur fengið máttinn að nýju einsog heyrna mátti á tónleikunum í *Gamla bíói* þar sem hann fór meistarahöndum um gítarinn.

— Ég elska gítarinn minn og nýt þess að spila á hann. Það hefði verið mikið áfall fyrir mig ef ég hefði ekki getað leikið á hann að nýju.

Þegar Toots flutti til Bandaríkjana þrítugur lék hann með breska píanistanum blinda George Shearing.

— Ég hef aðeins einu sinni leikið með Shearing eftir að ég hætti í kvintetti hans árið 1959. Kannski væri gaman að leika með honum aftur, og þó. Hann er svo íhaldsamur, leikur einsog hann gerði fyrir þrjátíu árum. Ég vil helst allt af vera að reyna eitthvað nýtt.

Þó Toots hafi lengstum búið í Belgíu og Bandaríkjunum, dvaldi hann um tíma í Svíþjóð.

— Það var betra að spila í Svíþjóð en Danmörku þó það væri skemmtilegra hjá dönskum. Krónurnar sem borgaðar voru fyrir spilamennskuna voru jafnmargar í löndunum tveimur en sú sænska var mun verðmeiri.

Á undanförunum árum hefur Toots leikið nokkuð með rafbassanillingnum Jaco Pastorius.

— Jaco er skemmtilegur náungi. Hugmyndaflugid geggjáð en

skemmtilegt. Hann hringdi í mig um daginn til að biðja mig að leika með sér á tónleikum. „Fyrirgefðu hvað ég hringi seint,“ sagði hann, — „gleðilegt nýtt ár.“ Það hafa verið gefnar út tvær skífur þarsem ég leik með stórsveit Jacos: Word of Mouth. Þegar sú fyrri var næstum tilbúin var John Lennon skotinn í New York. Jaco hringdi í mig til Brüssel og það mig að fljúga til New York og hljóðrita með honum eitthvert Lennon-lag. Ég átti að fara að leika í Amsterdam svo ég sagði honum að í Hollandi

væru líka til hljóðver. Hann tók næstu flugvél til Evrópu og við lékum tveir saman *Blackbird*. Það er gaman að vinna með Jaco.

Aftur á móti er ég ekki hrifinn af að vinna fyrir Norman Granz. Í hans heimi eru aðeins örfáar stjórnur og aðrir tónlistarmenn eiga að þjóna þeim. Lengi voru það Count Basie og Ella Fitzgerald en nú eru það Oscar Peterson og Joe Pass. Joe Pass er eini gítarleikarinn sem Norman hleður undir. Hann myndi aldrei leyfa mér að leika á gítar á Pablo-skífu. „Haltu

þig við munnhórpuna.“ Þess vegna hef ég ekki áhuga á að vinna fyrir Pablo — þar að auki er Oscar Peterson ekki draumaundirleikarinn minn.

Norman hefur mikla trú á Niels-Henning, aftur á móti skal ekki hlaðið undir Philip Catherine. Sjáðu t.d. dúóskífu þeirra fyrir Pablo. Hún nefnist *The Viking* og á framhlið er feikistór litmynd af Niels en bakhlið lítil svart-hvít af Philip. Auðvitað ættu þeir að vera saman á framhliðinni einsog er á dúóskífum Niels og Joe Pass. En þannig vinnur Norman. Að vísu má ýmislegt gott segja um Norman: Hann er hugsjónamaður, en hann kann svo sannarlega að mata krókinn.

Undanfarið hef ég leikið mikið með Stephan Grappelli og mikið getur sá maður leikið fallega. Stundum tárest ég þegar við leikum saman einhverja ballöðuna.

Ég spyr Toots um djassinn í Belgíu.

— Við eigum marga mjög efnilega unga djassleikara. Belgarnir þekktu af minni kynslóð eru dánir — René Thomas, Bobby Jaspar — Django fæddist í Belgíu og einn af bestu gítaristum okkar tíma er Belgi. Þar á ég að sjálfsögðu við Philip Catherine. En það er með hann einsog flesta okkar: Við leikum fyrst og fremst erlendis. Ætli Philip leiki nema tíu sinnum á ári í Brüssel. Ég lék ekki mikið í Belgíu hér á árum áður. Nú er ég orðinn vinsæll heima — hálfgerður þjóðarsómi!

Hvernig finnst manni sem vanur er að leika með heimssnillingum að koma til Íslands og leika með innfæddum.

— Þegar maður ferðast einn þá verður maður að gera sér grein fyrir að ryþmasveitirnar eru misjafnar og æfingatíminn yfirleitt nær enginn. Þess vegna skiptir það mestu máli að ná sem bestu sambandi við þá sem leika með manni á hverjum stað og taka tillit til getu þeirra og hæfni. Drengirnir sem léku með mér í

Gamla bíói voru dálítið taugaóstyrkir til að byrja með en mér fannst þetta takast vonum fram eftir hlé. Ég þekkti ekki marga Íslendinga áður en ég kom hingað. Hafði þó leikið með Pétri Östlund í Svíþjóð. Frábær trommuleikari. Annan Íslending hitti ég í hljóðveri í Los Angeles. Hann hafði gert samning við Warnerbræður og var dálítið góður með sig. Þótti líklega ekki mikið til gamals munnhórpuleikara koma. Ábyggilega vænsti drengur en ungir menn eru oft svona.

Toots hlær ljúflega og reynir að rifja upp nafn hljómborðsleikarans. — Jakob Magnússon? spyr ég og það reynist rétt. Þá kemur líka í ljós að Toots kannast við Vestur-Íslendinginn og bassasnillinginn Bob Magnusson.

— Er hann af íslenskum ættum? Góður bassaleikari. Já, ég hef unnið mikið í hljóðverum og það er ekki alltaf skemmtilegt. Þarna er allt vaðandi í dópi. Kókaínið er vinsælast og enn er verið að bjóða mér í nös. Þegar ég afþakka er oft sagt. — Æ, ég var alveg búinn að gleyma að þú notar ekkert svona. Ég hef aldrei notað dóp og ekki einusinni reykt tóbak. Aftur á móti finnst mér gott að fá eittglas af víska fyrir svefninn, en það verður að blanda miklu af vatni í það. Enn betra er þó að fá sér bolla af kamillutei. Það róar best taugararnar.

Toots Thielemans er ungur enn þrátt fyrir árin 62 og heilablóðfall. Ætli það sé ekki konan og reglusamt líferni sem þar vegur þyngst.

— Ég hringi í hana oft á dag hvar sem ég er. Héðan held ég til Oslóar og lokatónleikarnir á þessu ferðalagi verða í París. Þar hitti ég hana og er strax farinn að hlakka til, segir Toots og brosir. Klukkan er tíu að kvöldi og Oslóarvélín fer í loftið klukkan sjö næsta morgun, svo það er eins gott fyrir munnhórpunillinginn makalaus að fara að sofa.

— Maður verður að gera sitt besta á hverjum tónleikum!

